

Leiksskólinn Lyngheimar

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í krafti skóla og frístundasviðs öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast.

Efnisyfirlit.

1. Leiðarljós leikskólans.
2. Greinagerð leikskólastjóra.
3. Innra og ytra mat leikskólans 2020-2021
4. Innra mat deilda.
5. Innra mat sérkennsla.
6. Innra mat-fjöltýngd börn.
7. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.
8. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.
9. Foreldrasamvinna.
10. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.
11. Fylgiskjöl.
12. Fylgiskjal: Umsögn foreldraráðs, leikskóladagatal.





Greinagerð leikskólustjóra.

Tíminn hefur liðið hratt og skólaárinu lokið, vorið er komið og vinna við starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 hafin.

Við hér á Lyngheimum erum mjög sátt við hvernig síðasta skólaár gekk. Bæði haust og vorönn voru ljúf og átakalaus. Kom þó fyrir að við þurftum nokkrum sinnum að breyta skipulagi okkar. Þrátt fyrir það gekk allt starf mjög vel og náðum við öllum þeim markmiðum sem við höfðum sett okkur út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar.



Eitt af markmiðum okkar sem var að efla samstarf milli heimilis og skóla til að efla lestur bóka færðum við fram til haustsins 2022.

Þverfaglegt samstarf allra deilda og verkefnastjóra sköpunar var eitt af okkar markmiðum og gekk sú vinna vel.



Á haustönn voru unnin þrjú umhverfisvæn samstarfsverkefni sem gekk yfir allt húsið, allar deildar tóku þátt. Verkefnin voru plastlaus september, verkefni um vináttu, að vera vinur og eins hjálpuðust börnin að við að búa til sitt eigið jólatré úr verðlausum efnivið sem leikskólinn átti. Börnin komu sjálf að því að velja verkefni og að skipulagningu þeirra.

Verkefni tengd fjölmenningu voru unnin á vorönn. Kveikjan að því verkefni var áhugi barnanna á fánum og þjóðerni samnemenda. Börnin skýrðu verkefnið „Halló“ því þeim fannst það mjög merkilegt að hægt væri að heilsa á öllum tungumálum. Upphaflega var áætlað að verkefnið myndi taka um eina viku en vegna áhuga hjá börnunum stóð sú vinna yfir í fjórar vikur.

Á síðasta ári voru gerðar breytingar á opnu flæði, héldum við áfram að þróa þá vinnu eins mikið og við gátum.

Margar góðar hugmyndir hafa komið upp og hlakkar okkur til að vinna áfram með þær hugmyndir á næsta skólaári.



Á síðasta ári var útisvæðið okkar tekið í gegn og fengum við þá lítið útikennslusvæði í garðinn. Höfum við verið í samstafi við Gufunesbæ varðandi skipulagningu og hvernig við getum nýtt garðinn okkar og nærumhverfið sem best til útikennslu.



Á skipulagsdegi 9. maí 2022, fengum við leiðbeinanda frá Gufunesbæ til að halda námskeiðið Útikennsla í garðinum okkar. Fengum við margar hugmyndir varðandi útikennslu og hvernig við getum tengt hana starfinu sem fyrir er. Sóttum við um styrk til að þróa þessa vinnu áfram.

Síðustu tvö ár höfum við á Lyngheimum verið með verkefnastjóra sem hefur unnið með Læsi og umhverfislæsi með skólahóp.

Í upphafi haustannar stóð til að við yrðum í samstarfi við Þjóðmynnasafnið í tengslum við barna menningarhátíð, frestuðum við því samstarfi til næsta vetrar.

Í haust bauðst elstu börnum leikskólann um að fara í samstarf við Myndlistaskólann með vorinu, höfum við áður verið í samstafi við þau og hefur það gefið okkar börnum gleði og mikinn innblástur, var því ákveðið að fara í það samstarf með skólahópinn þetta árið líka. Mætti skólahópurinn því glaður og ánægður í myndlistarskólann í vor.



Eitt af markmiðum sem kennarar Lyngheima settu sér fyrir síðasta skólaár var að efla skráningu í máli og myndum. Deildastjórar senda foreldrum vikuleg fréttabréf í máli og myndum inná Völu, einnig var gerð skráning fyrir haust og vorönn fyrir hverja deild. Deildarnar vinna sameiginlega skráningu fyrir samstarfsverkefni.

Önnur verkefni sem við höfum verið að vinna með t.d Blæ og Lubba ganga vel og hafa fest sig í sessi í leikskólanum.

Fagleg markmið næsta skólaárs eru að þróa áfram þá vinnu sem við höfum verið að vinna að út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Helstu áherslurættir næsta skólaárs eru Læsi og Lýðræði með áherslu á þekkingu og skilning á samfélagi og umhverfi.



Á Lyngheimum er læsisteymi sem við ætlum að efla. Aðalverkefni þess teymis er að leiða vinnu með læsi með áherslu á nýjar leiðir til að efla hæfni til að geta lesið, skilið, túlkað og unnið með ritmál, orð, tölur, myndir og tákn.

Við á Lyngheimum erum sátt og ánægð með skólaárið. Fagstarf á **Lyngheimum**, skipulag styttingar vinnu vikunnar og undirbúningstíma starfsmanna eflingar hafa gengið vel.

Hápunktur vorsins er alltaf útskrift skólahóps. Börnin leggja mikla vinnu í útskriftina. Þau vinna saman útskriftaverkefni þar sem fléttast saman allir þættir menntastefnunnar.

Síðan er boðið til veislu, foreldrum boðið í kaffi og köku, börnin sína brúðuleikrit og syngja. Leikskólinn gefur börnunum litla trjáplöntu og biður foreldra og börn að gróðursetja plöntuna og hlúa að henni til að gefa okkur lengra líf á jörðinni.

Eftir útskrift fer starfið að miklu leiti fram úti fram að sumarfríi, boðið er uppá verkefni sem unnin eru úti, gönguferðir og íþróttaviku. Áður en við förum öll í sumarfrí biður foreldrafélagið uppá sumarhátíð. Hoppukastala, búninga, grill og fleira skemmtilegt.

Þetta vorið gátum við haft sýningu á verkum barnanna og skráningum frá vetrinum úti í garðinum okkar. Sýningin tókst mjög vel, myndirnar í starfsáætlun eru flestar frá sýningunni.

Við kveðjum veturinn með bros á vör

Gleðilegt sumar



Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022.

Innra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram? Starfsmenn svöruðu 6 spurningum. Varðandi starfsemi leikskólans.	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir.) 15 starfsmenn af 22 leikskólans tóku þátt í könnun.	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Ert þú ánægð/ur eða óánægð/ur með framkvæmd og skipulag styttingar vinnuvikunnar?	14 starfsmenn eru ánægðir með framkvæmd styttingar. 1 starfsmaður hvorki né.	15. starfsmann af 22 svöruðu spurningunni.	Meirihluti starfsmanna er ánægður með framkvæmd styttingarinnar. Einn starfsmaður er ekki alveg sáttur. Starfsmenn kusu sjálfir útfærslu styttingar.
Hvernig hefðir þú getað haft meiri áhrif á framkvæmd og skipulag styttingar vinnuvikunnar.	3 starfsmenn telja sig geta haft áhrif á framkvæmd styttingar. 7 starfsmenn eru hlutlausir og 3 telja sig ekki geta haft nein áhrif á skipulag styttingar.	15 starfsmann af 22 svöruðu spurningunni. 2 starfsmenn svöruðu ekki.	Meirihluti þeirra sem svöruðu telja sig ekki geta haft mikil áhrif á framkvæmd styttingar. Vert að skoða hvernig við getum bætt úr því.
Ert þú ánægð/ur með framkvæmd og skipulag	9 starfsmenn er ánægðir með framkvæmd undirbúningstíma	14 af 15 starfsmönnum svöruðu spurningunni.	Framkvæmd undirbúningstíma virðist hafa gengið vel. Spurning hvort starfsmenn í eflingu vilja

undirbúningstíma Eflingarstarfsmanna?	eflingarstarfsmenna . 4 hlutlausir og 1 ekki sáttur. 1 svaraði ekki.		koma með tillögu að skipulagi undirbúningstíma.
Hefur fagmennska þín/deildarinnar aukist vegna aukins undirbúningstíma ?	14 starfsmenn telja að fagmennska hafi aukist með auknum undirbúningstíma. 1 starfsmaður hlutlaus.	15 starfsmenn svöruðu.	Starfsmönnum finnst vinna þeirra í undirbúningstímum skila sér í betra fagsstarfi.
Hefur farvegur fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda aukist vegna samstarfsverkefna t.d eins og fölmenningarverkefnið.	14 starfsmenn telja vetfang fyrir þverfaglegt samstarf þvert á húsið hafi aukist eftir að unnið var verkefni tengt fjölmenningu þvert á húsið. 1 starfsmaður hlutlaus.	15 starfsmenn svöruðu.	Starfsmenn eru ánægðir með verkefni sem unnin eru þvert á húsið og allir starfsmenn og öll börn taka þátt í vinnu verkefnis og hafa rödd.
Birtist stefna leikskólans í starfi á deildum.	Allir starfsmann sem tóku þátt í könnunni telja að stefna leikskólans komi fram í starfi leikskólans.	15 starfsmenn svöruðu.	Starfsmenn eru meðvitaðir um stefnuna okkar og taka þátt í að gera hana sýnilega í vinnu skólans.



Ytra mat


Niðurstöður viðhorfskönnunar SFS.

Meðalskor allra þátta 4,26.


Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
	Viðhorfskönnun á vegum SFS	Starfsmenn Lyngheima yfir 50% svöruðu könnun.	
Vinnuaðstaða.	Meðalskor 4,82	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða.
Tilgangur.	Meðalskor 4,80	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða
Upplýsingaflæði.	Meðalskor 4,75	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða
Stjórnun.	Meðalskor 4,72	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða
Sveigjanleiki í starfi.	Meðalskor 4,68	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða
Starfsandi.	Meðalskor 4,66	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða
Starfsánægja.	Meðalskor 4,64	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða
Viðurkenning.	Meðalskor 4,52	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða
Fræðsla og þjálfun	Meðalskor 4,39	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða
Velliðan og hugarfar grósku	Meðalskor 4,34	Starfsmann Lyngheima	Þetta er þáttur til að skoða hvernig getur vinnustaðurinn og starfsmann haldið áfram að vaxa í starfi.
Líðan og álag	Meðalskor 3,94	Starfsmann Lyngheima	Þessi þáttur verður skoðaður með starfsmönnum, tillögur frá þeim fengnar, hvar getum við gert betur til að auka velliðan og minka álag.
Betri vinnutími/stytting	Meðalskor 3,88	Starfsmann Lyngheima	Góð niðurstaða

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023.

Umbótaþáttur/ Matsþáttur.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun	Halda áfram að styrkja faglega forustu og brúa metnaðarfallt leikskólas tarf.	Styrkja samhljóm meðal kennara. Halda áfram að virkja þá til samstarf Að stefna leikskólans sé skír og allir stefni í sömu átt.	Stjórnendur	Strax	Aldrei	Öflugt innra mat,samtal við kennara,öflugt upplýsingaflæði.	Að niðurstöður innramats og niðurstöður starfsmannakönnunar komi vel út.



		Öflugt innra mat.					
Uppeldis og menntastarfi.	Halda áfram vinnu með þverfaglegt samstarf í skólanum. Gekk vel á síðasta skólaári.	Góð reynsla frá síðasta skólaári. Hvetja kennara að halda áfram á sömu braut. Deildir, listgreinakennari og verkefnastóri læsis vinni saman. Dýpka ferlið í verkefnunum sem unnin eru. Börnin taka þátt í hugmyndavinnunni og framvindu verkefnisins.	Leikskólastjóri, deildastjóri og verkefnastjórnari. Leikskólastjórinn gefi kennurum tíma og rými til að skipuleggja samstarfið. Frjálsar hendur að vinna verkefnin. Láta hugmyndirnar flæða.	Halda áfram þessari vinnu og efla lýðræði og hugmynda vinnu barnanna	Í raun líkur faglega samstarfi aldrei. En verkefnunum líkur þegar þau breytast í ný verkefni	Gleðin í augum barnanna þegar samstarfsverkefninu var lokið.	Stolt og glöð börn með verkefnið sem unnið var. Börnin sýndu foreldrum sínum verkefnið og sögðu þeim þrá verkefninu og hvað þau höfðu lært mikið.
Mannauður/leikskólabragur.	Halda áfram að efla þverfaglegt samstarf milli kennara og gefa þeim tækifæri að þróa hugmyndir sínar varðandi vinnu tengda stefnu leikskólans. Styrkja þá sem leiðtoga.	Efla samstarf og umræður milli kennara. Styðja við hugmyndir, sína áhuga og vera sem stjórnandi tilbúin að vinna með kennurum að hugmyndum, verkefnum sem styðja við stefnu leikskólans	Leikskólastjóri og kennarar	Verkefni er í gangi	Verkefni alltaf í gangi lýkur aldrei.	Samstarfsfundir kennara og stjórnenda. Farið yfir ferli verkefnis, hlutverk hvers og eins og hvernig faglegur stuðningur stjórnenda hefi gengið. Þverfaglegt samstarf kennara. Hugmyndaflæði skoðað.	Verkefnið skoðað, út frá samstarfi, hugmyndaflæði, þátttöku kennara og gleði barnanna og flæði verkefnis
Innra mat.	Skipulag styttingar vinnuvikunnar.	Taka samtalið við starfsmenn varðandi breytt skipulag, könnun og starfsmenn kjósi um breytt fyrirkomulag.	Stjórnendur, fulltrúar stéttafélaga og starfsmenn sjálfir.	Haut 2022	Áramót 2022	Könnun, kosning.	Vinna með miður stöður.
	Líðan og lálag.	Starfsmenn fari í saumana á lálagi á skipulagsdegi í haust. Vinnuhópur skipaður.	Stjórnendur.	Haut 2022	Haut 2022	Vinnuhópar. vinnuþlanagert.	Unnið með niðurstöður vinnuhóps varðandi álag og líðan.



	Vellíðan og hugarfar grósku.	Hvernig við getum haldið áfram að vaxa í starfi.	Stjórnendur, faghópur skólans.	Haust 2022	Lýkur aldrei	Fagfundir, skýr markmið.	Að fagstarfið skili sér í vellíðan og að þig langi til að halda áfram að vaxa í starfi.
--	------------------------------	--	--------------------------------	------------	--------------	--------------------------	---

Innra mat deilda.

Innra mat frá Knútskoti veturinn 2021-2022, árgangar 2019 og 2020.

Börnin á Knútskoti þetta ár voru 17, á aldrinum 1-2 ára.

Aðlögun gekk mjög vel. Í fyrstu var lögð áhersla á að börnin lærðu á leikskólann og fyndu það öryggi sem þau þurftu til að vera örugg og liði vel.

Tókum við þátt í plastlausum september ásamt öðrum, áhersla var lögð á að vinna og nýta það plast sem til féll og úr því urðu skemmtilegir furðufiskar.

Á degi íslenskrar náttúru var haldið út í skóg við leikskólann þar sem þau fengu að mála og hlusta á hljóðin í náttúrunni.

Mikil áhersla var lögð á alla skynjun, bæði í gengum ljós og skugga og snertingu hinna ýmsu efniviðar með mismunandi áferð.

Í samverustundum var lögð áhersla á orðaforða og merkingu orða. Notuðum við Lubbi finnur málbein í þeirri vinnu.

Lögð var áhersla á sjálfshjálp með því að hvetja þau til að hætta með bleyju, fá þau til að æfa sig í að klæða sig bæði í og úr útifötum í fataklefa.

Skipulagðar hreyfistundir voru í sal og var lögð áhersla á almenna hreyfifærni og var unnið út frá getu hvers og eins. Jóga stundir voru einnig í boði og þar lærðu börnin mikilvægi þess að geta nýtt núvitund til slökunar og teygjur.

Í vetur vorum við dugleg að fara út og hreyfa okkur, þá helst fyrir hádegi. Á þeim dögum sem ekki var hægt að fara út sökum veðurs voru settar upp þrautabrautir sem börnin fengu að spreyta sig á og við dönsuðum.

Börnin á Knútskoti tóku þátt í samvinnu verkefnum leikskólans þar sem unnið var eftir þroska þeirra og getu.

Eftir áramót var lögð áhersla á að styðja börnin í að ná tókum á félagsfærni og þjálf þau í að leika saman. Að leika sér saman krefst samvinnu, umburðarlyndi og gagnkvæmar virðingar.

Eins og við vitum er frjáls leikur mikilvægur þáttur í leik og starfi barna og var honum því gefið gott rými. Börnin fengu tækifæri til að læra og þroskast í gegnum leik.

Í hlutverkaleik sækja þau fyrirmyndir sínar úr nánasta umhverfi og setja sig í hin ýmsu hlutverk. Þau eru mömmur, pabbar, afar, ömmur og hin ýmsu dýr.

Maí mánuður var tileinkaður litum, átti þá hver vika sinn lit og var farið í grunnlitina gulan, rauðan og bláan. Síðasta vika mánaðarins var regnbogavika þar

sem allir litir fengu að njóta sín. Markmiðið með lita vikum er að börnin læri á skemmtilegan hátt grunnlitina.

Í myndlist var farið að æfa fyrsta skref barnsins í að teikna manneskju (höfuðfætlu) og tengdum við það verkefninu grunnlitir.

Skráning var með því fyrirkomulagi að fréttabréf var sent út hvern föstudag til foreldra, eining skráning fyrir hvert verkefni fyrir sig. Hvert barn á sína einstaklings skráningu. Skólaárið gekk mjög vel og náðust flest öll markmið sem við settum okkur.

Guðlaug Gísladóttir deildarstjóri Knútskoti.



Umbótaáætlun Knúskot.

Umbótaþáttur/ matsþáttur.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Skráning.	Að hvert barn eigi möppu með myndum af sér og því sem það hefur gert í leikskólanum	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarfundir skráning í myndum og völdum verkum barnanna	Full kláruð ferill mappa með hverju barni í lok annar
Sköpun.	Að læra litina með ýmsum aðferðum. Byrjað á grunnlitunum og smá saman unnið með litablöndun. Kynnast fjölbreyttu	Kennarinn leggur inn litina í samverustund um í myndlist og frjálsa leiknum. Börnin teikna höfuðfætlu í upphafi og lok annar. Skapa frjálst, unnið	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildar.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildarfundir	Að börnin öðlist þekkingu á grunnlitum til að byrja með og bæta svo fleiri litum við eftir því sem líður á veturinn. Að börnin kynnist því að til eru nokkrar tegundir af formum, lögun og gerð.

	m efnivið til að skapa.	með ýmsan efnivið, þau æfa sig að gera hring. Unnið með liti og litablöndun. Í maí verður litavika, byrjað á gulum síðan rauðum, bláum og endað á regnbogaviku.					
Sjálfsræði og lýðræði.	Að verða snyrtileg og sitja kyrr við matarborð. Þvo hendur. Að þau æfi sig að hætta með bleiu. Fá gott tækifæri til að hreyfa sig inni og úti.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Ágúst	Maí	Deildarfundir.	Að börnin efli sjálfstæðari sitt sem einstaklingar. Verði snyrtileg og sitja kyrr við matarborðið, hætta með smekk og , borða með hnífapörum. Hætta með bleiu. Æfa sig í að klæða sig sjálf í fataklefanum.
Læsi.	Að efla hlustun, orðaförða og syngja með börnunum.	Ritmálið er sýnilegt á deildinni. Að umhverfi barnanna styðji við máltöku og málþroska. Lestur bóka, þulur, Lubba stundir og söngstundir.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Ágúst.	Maí.	Deildarfundir	Lubbi kemur í samverustundir. Syngja mikið saman. Byrjum með styttri stundir og smá aukum þær. Þannig æfast þau smám saman í að sitja kyrr.



Innra mat Guddumóa veturinn 2021-2022, árgangar 2018 og 2019.

Börnin á Guddumóum þetta ár voru 20. Byrjuðu 4 ný börn um haustið. Haustið fór vel af stað og var vel nýtt í útiveru og gönguferðir um nærumhverfið. Verkefni haustsins voru göngutúrar til að safna laufblöðum í haustlitum sem síðan voru notuð í myndlistar verkefni.

Tókum við þátt í plastlausum september ásamt öðrum deildum og var búin til órói úr verðlausu efni og þá aðallega plasti sem þau höfðu safnað útivið á degi íslenskrar náttúru.

Fljótlega hófst síðan skipulagt starf og voru þá þau svæði sem skólinn hefur uppá að bjóða eins og salur, listasmiðja og dúkkukrókur vel nýtt. Vorum við dugleg að nýta okkur salinn og áhersla lögð á skipulagða hreyfingu. Settar voru upp þrautabrautir til að vinna með jafnvægi og einnig tengdum við inn í hreyfingu form, liti og tölur.

Í heimiliskrók fengu börnin að þróa sig í hlutverkaleik. Börnunum var skipt upp í minni hópa þannig að hver og einn fengi að njóta sín betur.

Farið var af stað um haustið með verkefnið að „Láta ljós sitt skína“, foreldrar voru hvattir til að börnin kæmu með myndir að heiman af einhverju sem þeim þætti vænt um eða vakti hjá þeim áhuga t.d. mynd af dýrunum sínum eða uppáhalds dóti, í samveru fengu börnin að segja frá því hvað var á þeirra mynd.

Í samverustund var mikið sungið, farið í leiki og lesið. Lubbi málbein kíkta í heimsókn reglulega til að kynna fyrir börnunum nýjan starf og nýtt málhljóð. Börnin voru mjög áhugasöm um stafina og mikið velt fyrir sér hver átti hvaða staf og hvaða orð byrjuðu á þeim staf sem Lubbi var að kynna hverju sinni.

Skipulagðar tónlistarstundir byrjuðu í mars þar sem unnið var með hljómfall, rytma og hreyfa sig í takt við tóna/tónlist.

Í tónlistarstundum voru hin ýmsu hljóðfæri kynnt fyrir börnunum og þau fengu að prófa að nota þau. Einnig æfðum við að klappa taktinn í nöfnunum okkur.

Í myndlist fengu börnin að kynnast ýmsum efnivið til myndsköpunar eins og t.d. að stimpla með blöðru, mála með ólíkum hlutum og áhöldum eins og greinum, penslum og höndunum. Unnið var mest með grunnlitina og litablöndun.

Blær fékk nýtt „bæli“ sem var aðgengilegra fyrir börnin. Og unnum við ýmis verkefni tengdum Lubba í vetur.

Unnum var með einingakubba og vorum við með skipulag tíma jóga. Í eininga kubbum fengu börnin að prófa sig áfram án truflunar eða stýringar frá kennara. Tilgangur kubbana er að efla sjálfstraust, sköpun, málþroska og samskipti.

Í jóga var lögð áhersla á að börnin lærðu mikilvægi þess að geta slakað á, gert teygjur og farið í núvitund með góðri tónlist.

Veturinn hefur gengið mjög vel og flestir þættir umbótaáætlunar náðst og vel það.

Hanna Dís Guðjónsdóttir deildarstjóri á Guddumóa





Umbætur Guddumói.

Umbótapátur /matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning.	Að hvert barn eigi möppu með myndum af sér og verkum sínum úr leikskólanum.	Að kennari sé duglegur að taka myndir og skrá í ferillmöppu viðfangsefni og lærdóms ferli barnsins.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildarfundir, skráning í myndum og völdum verkum barnanna.	Full kláruð ferill mappa með hverju barni í lok annar.
Sköpun.	Að læra litina með ýmsum aðferðum, vinna með verðlaust efni, vísindi, einingakubbar, LegoDuplo Education. Myndlist Dagleg aðgang að litum og efni til að teikna og lita. Utisvæði.	Að börnin læri grunnlitina og litablöndun, læri á form og stærðir með einingakubbum, LegoDuplo Education og kynnist vísindum gegnum mismunandi efnivið. Að þjálfa fínhreyfingar. Að börnin læri að skapa með náttúrunnar efni.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarfundir 	Að í lok tímabils séu börnin með aukna færni í litum og blöndun lita, hafa kynnist formum og stærðum og fjölbreytt efni.
Sjálfstæði og lýðræði.	Að börnin læri að borða snyrtilega, borða með áhöldum. Að börnin læri að klæða sig sjálf í inni og úti fót. Innleiða Barnasáttmálan í daglegt starf.	Í matmálastímunum. Í fataklefa og í leik með búningum. Vinna með verkefni úr Barnasáttmálanum.	Allir starfsmenn	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarfundir.	Að börnin læri að borða sjálf með áhöldum Að efla sjálfshjálpið við að klæða sig út og inni. Að allar deildir vinni að grunnvallarforseðnum Barnasáttmálans.

	Að efla hlustun, orðaforða og söng hjá börnunum. Veðurfræðingur verkefni Pinna, perla, klippa, Lego og fl. Útinám.	Að byggja markvisst upp námsumhverfi sem styður við málþroska og máltöku með lestri bóka segja sögur og þulur í samverustundum. Lubba stundir. Sjónrænt stafró og tölur. Mynd- og ritmálið sýnileg innan deildarinnar. Betra aðgengi að bókum. Hljóðbækur í hvíld fyrir börn sem eru að hætta að sofa. Að byggja upp orðaforða Að þjálfra fínhyrtingar Að byggja upp orðaforða	Allir starfsmenn.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarfundir.	Að starfsfólk deildar gefi sér tíma til að ræða við börnin, hlusti vel á hvað þau hafa til málanna að leggja og hvetja þau til að segja frá. Að hver stund sé gripin til þess að efla orðaforða. Samverustundir og frjáls leikur nýtt vel og notaðar séu félagsfærnisögur og Blær ef upp komu ágreiningar milli einstaklinga. Að miklar endurtekningar á orðum hjá börnunum.
Grænfána verkefni.	Að börnin læri að flokka. Að börn læri um matarsóun. Að vinna með verðlaust efni og að efla endurnýtingu. Útinám.	Flokka allt sorp í viðeigandi tunnur inná deild. Eftir ávaxtastund, matartíma og eftir þörfum. Merktar verða tunnur með ritmáli og mynd. Fara eftir garðreglum leikskólans. Að týna rusl og að börn beri virðingu og umhyggju fyrir náttúrunni. Jólatré – samvinnu verkefni Lyngheima.	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Septembar.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildarfundir.	Að börnin flokki með aðstoð. Að börn geri sér grein fyrir matarsóun. Að börnin beri virðingu fyrir náttúrunni og fari eftir garðreglum.
Heilbrigði.	Starfsmenn kenni börnum að þvo og þurrka hendur eins að setjast á klósett og æfa sig að hætta með bleiju. Að efla vatnsdrykkju Leikir í sal og yoga Útivera, útinám og gönguferðir.	Að kennari leggi sig fram í að aðstoða og kenna mikilvægi handþvotts og umhirðu eftir salernisferðir. Í dagskipulagi þegar börnin nota salernið. Að gera sjónrænar leiðbeiningar þar sem hægt er. Hafa vatnskönnu og glös á deildinni.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Frá september 2022.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildarfundir.	Að börn læri mikilvægi og temji sér góða almenna umhirðu almennt. Að börn verði með góð tök á umhirðu eftir salernisferðir. Að börnin taki þátt í yoga. Að farið verður í hreyfingu reglulega.

		Setja yoga stund í dagskipulagið sem verður 1x í viku. Fara í gönguferðir og í útinám.					
Félagsfærni.	Aga stefna leikskólans. Samvera. Gönguferðir. Frjáls leikur. Veðurfræðingur. Blær vináttu verkefni. Læra vera vinur. Virða sjálfan sig og aðra. Læra samskipti. Byggja upp þrautalausn og seiglu hjá börnum. Líkamsvitund (ekki eru allir eins). Æfa göngu.	Að auka notkun aga stefnu leikskólans. Unnið í samveru, í leik og í göngutúrum með börnunum um hvernig við umgöngumst hvort annað með virðingu. Mikil hrós og hvatning til barna um að gera sjálf og vinna saman. Nota öll tækifæri til að efla og veita fræðslu til barnanna. Kynna börnunum fyrir Blæ vináttu verkefninu. Notum félagsfærni sögur og veggspjöld af ýmsum aðstæðum sem börn gætu lent í og börnin tjá sig um myndirnar og hvað er að gerast á myndinni. Vinna að þematengdum verkefnum sem byggja á samvinnu. Börnunum verður skipt í smærri hópa í	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarfundir.	Efning til samvinnu og þrautarlausnar aukist verulega og eiga börnin auðveldara með að tjá sig við hvert annað þegar eitthvað bjátar á. Að börn og starfsfólk sýni framför í auknu mæli eftir félagsfærnisögur, hvatningar og hrós. Að leikskólinn verði mikilvægur vettvangur sem stuðlar að rétt barna til félagslegs öryggi. Að Blær vináttu verkefnið stuðli að meiri sjálfstæði og betri færni félagslega. Að virðing, virk hlustun og viðurkenning verði viðurkenndur sem mikilvægur grunnur góðra samskipta og að börnin verði í stöðugri vinnu að þeim grunni. Örfundir eftir ferðir og rætt um hvernig gekk. Hvað mætti betur fara og bæta fyrir næstu ferð. Að börnin geti farið í gönguferðir og farið eftir fyrirmælum.



Innra mat Fjósakletta veturinn 2021-2022 árgangur 2017.

Í upphafi skólaárs voru 23 börn á Fjósaklettum öll á sama aldursári að þessu sinni.

Í lok árs voru börnin orðin 21 öll fædd 2017

Börnin á deildinni þekktust vel, fyrir utan 1 barn sem var að flytja í hverfið. Var tekið vel á móti því barni og leið ekki á löngu þar til að það barn var komið vel inn í hópinn. Hin börnin höfðu flest verið saman á yngri deildum.

Við höldum áfram að vera með sjónrænt skipulag og á hverjum degi og var eitt barn "veðurfræðingur og þjónn" var farið eftir röð svo allir fengu tækifæri til að taka þátt. Það barn sem átti afmæli fékk það hlutverk þann daginn. Hlutverk veðurfræðings er að bjóða börnunum að setjast í samveru, fara yfir hvernig veður er þann daginn og hvernig við þurfum að vera klædd í útiveru. Einnig fer hann yfir hvað sé í boði í hádegismat. Notaðar eru myndir sem settar eru á töflu til að þetta sé sýnilegra börnunum.

Börnin á deildinni áttu sína sér skúffu merкта þeim sem þau höfðu til afnota fyrir sitt dót.

Samvinnuverkefni var unnið á öllum deildum leikskólans. Verkefni var unnið úr verðlausum efnivið sem tókst mjög vel og bæði börn og fullorðnir nutu þess að vinna saman. Börnin hjálpuðust annað árið í röð við að búa til sitt eigið jólatré úr pappakössum og öðru sem til féll í leikskólanum, voru allir sammála um að þetta væri eitt fallegasta jólatré sem til væri.

Um vorið var haldin vorhátíð þar sem þar sem foreldrum var boðið að koma og skoða sýningu á verkum barnanna sem þau höfðu unnið um veturinn. Fengum við frábært veður og var því sýningin haldin úti í garði, voru listaverk barnanna hengd upp út um allan garð og hátíðin gekk með afburðum vel.

Guðrún Þorkelsdóttir deildastjóri á Fjósaklettum.





Umbætur Fjósakletta.

Umbótaþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun.	Virkja sköpunarkraft -Vinna með fjölbreyttan efnivið og áhöld -Upplifa virðingu fyrir sínun verkum og annarra -Tjá sig um verk sín og rifja upp ferlið.	Unnið markvisst allan veturinn.	Deildarstj. og starfsfólk deildar.	Allt skólaárið.		-Unnið markvisst við öll tækifæri inni og úti. -Hlusta þegar hugmyndir kveikna og hjálpast að við að útfæra. -Vinna í samvinnu við myndlist og aðrar deildar þegar við á. -Gera skráningu, bæði myndræna og skrá einnig hvernig hugmyndir kveikna og þróast. - Á deildinni er frjálfs aðgangur að ýmiskonar leikefni, búnaði, fjölbreyttum áhöldum og efnivið til skapandi vinnu. - Börnin fá tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína.	
Læsi.	Heyri og sjái ritmálið í umhverfinu Hvetja til áhuga á bókstöfum og tölustöfum Bókahillur á deild	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstj. og starfsfólk deildar	Allt skólaárið.		Merkja allt á deildinni með heiti og mynd. - Nýta bókahillur inn á deild, sem eru í þeirra hæð, með spennandi bókum og efni sem tengist	

	Sjónrænt skipulag Skúffur, hólfi og borð merkt með nafni og mynd.				verkefnum hverju sinni. Skipta reglulega um bækur. Tölustafir og bókstafir hafðir sýnilegir á veggjum, í spilum og leikföngum. Samveru- og rólegar stundir verði nýttar í málörvun.	
Lýðræði og sjálfbærni Grænfána verkefni.	Æfa sig í að beita lýðræðislegum vinnubrögðum Upplifa fjölbreytni náttúrunnar og íslenskrar veðráttu. Njóti umhverfisins og umgangist það af virðingu Upplifi sjálfbærni sem sjálfsagðan þátt í skólalífinu Læri um matarsóun, flokkun og plokkun.	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstj. og starfsfólk deildar	Allt skóla árið árið	Í samverustund. er skipst á að tala fyrir framan hópinn og sýna öðrum virðingu með því að hlusta. Við ræðum um mikilvægi matarsóunar og flokkunar Útívera nýtt til að skoða náttúruna og nánasta umhverfi. Plokkstöng notuð í garðinum og gönguferðum. Börnin þurfa að taka ákvarðanir sem snerta allan hópinn og þurfa að geta fært rök fyrir ákvörðunum sínum.	
Árstíðirnar.	Að þau læri um árstíðirnar Þekki heiti daga og mánaða Þekki veðurfarið eftir árstíðum Læri heiti og hugtök veðurs og fatnaðar eftir veðri.	Unnið markvisst allan veturinn.	Deildarstj. og starfsfólk deildar.		Deildarstj. og starfsfólk deildar.	

Innra mat frá Klappavör.

Innra mat á Klappavör veturinn 2021-2022 árgangur 2016

Á Klappavör voru þetta árið 18 börn fædd 2016, elsti árgangur leikskólans.

Við byrjuðum önnina á því að kynnast og vinna traust barnanna, veita þeim öruggt umhverfi, saman unnum við að því að gera deildina okkar að umhverfi þar sem öllum liði vel.

Skipulag deildar var gert sýnilegt til að auka öryggi, efla sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum.

Læsi var gert sýnilegt á deildinni með bókstöfum, tölustöfum og fjölbreytileika í myndum og efni sem tengist læsi.

Í samverustund var lögð áhersla á jákvæð samskipti, virka hlustun og viðurkenningu. Þegar líða tók á veturinn unnum við í fjölbreytileika, líkamsvitund og sjálfstæði. Einnig vorum við með markvissa málörvun í samverustundum í formi lesturs, samræðna, söng og leikja.

Alla önnina voru börnin hvött til að sýna hvort öðru virðingu, vera duglega að hrósa hvort öðru og vera lausnamiðuð.

Vínátta var stór hluti í okkar starfi, að vera vinur. Á leikskólanum vinnum við með vínáttuverkefnið Blær sem tekið var inn í starfið 2020. Farið er í Blæ stundir einu sinni í viku.

Leikskólinn er grænn skóli og leggjum við áherslu á að börnin læri að flokka rusl, eru flokkunnar fötur inni á deild sem gerir börnunum auðveldara að læra hvernig á að flokka.

Í matartímanum lærðum við um matarsóun og læra börnin að fá sér litla skammta í einu til að sporna gegn matarsóun.

Samvinnuverkefnið ábyrgðagangan með Guddumóum komst því miður ekki inn á dagskrá hjá okkur en stefnum að henni næstu önn.

Börnin tóku þó þátt í öllum öðrum samvinnuverkefnum leikskólans. Börnin á Klappavör eiga sína eigin einstaklingsskráningu.

Bodið var uppá sögustund á bókasafni í hverfinu og nýttum við okkur það í nokkur skipti.

Farið var í fjölmargar ferðir í vetur eins og söfn, Borgarleikhúsið, Hörpuna og Húsdýragarðinn. Fengu þau síðan að vinna með sína upplifun úr ferðunum í gegnum sköpun í listasmiðju og inni á deildum. Og úr þeirri vinnu komu mörg yndisleg listaverk.

Fórum við í samstaf við Myndlistaskóla Reykjavíkur þar sem við fórum 1x í viku til að vinna með hin ýmsu efni tengd sköpun.

Í apríl var farið í að vinna að útskriftaverkefnið þeirra. Fór fram lýðræðisleg kosning á því hvernig verkefni þau vildu vinna og eins hvernig þau myndu vilja hafa útskriftaferð sína.

Niðurstöður kosningar var útskriftaferð í Gufunesbæ fyrir valinu, var grillað og farið í leiki. Ferðin tókst afburðar vel og börnin sátu með góða ferð.

Í apríl og maí var unnið við að semja leikrit, hanna og búa til brúður ásamt leikmynd. Útskrift og leiksýning fyrir forráðamenn var 25. maí þar sem börnin sýndu sitt leikverk. Veturinn gekk að mestu vel og markmiðin sem sett voru náðust flest.

Ingibjörg B. Guðmundsdóttir deildastjóri Klapparvör.



Umbætur Klapparvör.

Umbótaþáttur / Matsþáttur.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsfelling/valdeffling	Að auka sjálfstæði barnanna. Bera virðingu fyrir öðrum og læra að vera vinu. Að fara í ferðir/göngur börnin læra bera ábyrgð á sér og ferðafélaga sínum.	Samverustundir, í leik og samræður. Gönguferðir með yngri deildum, börnin aðstoða þau yngri.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Sept 2021	Apríl 2022	Örfundir, deildafundir Skipuleggja ferðir, ræða hugmyndir, fræðsluefni.	Að börnin séu orðin sjálfstæðari. Að börnin vinni saman og beri virðingu fyrir hvert öðru.
Félagsfærni	Að börnin virði sjálfan sig og aðra, tillitsemi, samkennd. Að innleiða barnasáttmálan Blær vináttuverkefni Þverfagleg samvinna. Fjölbreytileiki, traust.	Að vinna að verkefnum sem byggja á samvinnu. Félagsfærnisögn. Að vinna verkefni tengt barnasáttmálan um Að vinna að samvinnuverkefni heimilis og skóla.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildar.	Sept 2021	Apríl 2022	Deildafundir, skráning, vinnufundir með börnunum.	Að virðing, virk hlustun og viðurkenning verði viðurkenndur sem mikilvægur grunnur góðra samskipta Að börn og starfsfólk verði í stöðugri vinnu að þeim grunni.
Skráning	Ferilskráning um verkefni sem unnið er að. Að hvert barn eigi möppu með verkum sínum úr leikskólanum	Að kennari sé virkur í að taka myndir og skrá viðfangsefni og lærdóms ferli barnsins.	Deildarstjóri, verkefnastjóri.	Sept 2021	Apríl 2022	Deildafundir, örfundir, skráning í myndum og verkum barnanna.	Að ferilskráning verkefna sem unnið var að sé fullklárud. Að hvert barn eigi



							fullklárað a ferilmöppu í myndum í lok annar.
Sköpun	Pematengd verkefni þar sem unni verður með sköpun í formum, litablöndun, þrívídd og sjálfsmyndir .Myndlistaskóli.	Skipulagðar vinnustundir 1x viku í listasmiðjunni, oftast ef þess er þörf. Sótt var um myndlistaskólann.	Deildastjóri, verkefnastjóri sköpunar.	September 22	Apríl 23	Deildarstjóri og verkefnastjóri séu virkir í að taka myndir og skrá viðfangsefni og nám barnsins.	Að börn geti nýtt litablöndun til að búa til nýja liti. Að börnin njóti þess að skapa sín eigin verk.
Læsi	Vinna með bókstafi, heiti og hljóðvitund. Lestur bóka, hlustun, orðaforða, rím, samsetningu orða . Ritmál sýnilegt.	Samverstundir, söng, gönguferðum frásögum barnanna, spil, sköpun	Deildastjóri Verkefnastjóri læsis og starfsmenn deildar.	September 22	Máí 23	Skráning Einstaklings námsskrá Skimun hljóðkerfisvitund.	Að skráning sýni að börnin hafi sýnt framvarir Að börnin sýni áhuga á vinnu með orð og stafi. Njóti þessa að hlusta, sýngja og vinna með orð.
Heilbrigði	Kenna börnunum almennt hreinlæti, t.d. handþvott. Mikilvægi ægi hvíldar, hreyfingar og mataræðis. Líkamsvitund.	Að kenna börnunum handþvott og mikilvægi þessa . Börnin búi til leiðbeiningar sjálf hvernig á að þvo sér um hendur. Gönguferðir þar sem við gerum æfingar í náttúrulegu umhverfi, hreyfing inni Líkamsvitund fræðsla, hlusta á líkamann t.d. er ég svöng, breytt.	Deildastjóri, Starfsmenn deildar.	September	Vor 23	Deildafundur Samverustundir	Að börnin hafi lært almennt hreinlæti og umhirðu.
Grænfáni	Að börnin læri að flokka. Beri virðingu fyrir umhverfi sýnu/ Náttúrunni. Hvernig við getum endurnýtt efni við.	Að flokkun verði aðgengileg fyrir börnin. Að börnin læri hvernig við flokkum og af hverju. Matarsóun	Deildastjóri, Starfsmenn deildar,	September 22	Vor 23	Deildafundur Samverustundir Að við hultum á hvað börnin hafa að segja varðandi málefnið.	Að börnin kunni að flokka, viti hvað matasóun er og sýni náttúruni virðingu.



Sköpun - Listasmiðja

Menntastefna Reykjavíkurborgar byggir á fimm grundvallarþáttum; félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Í listasmiðju er lagt mikið upp úr frjálsri og fjölbreyttri sköpun þar sem allir grunnþættirnir fléttast inn í starfið. Á hverju ári vinna svo allar deildir ákveðin verkefni tengd umhverfismennt.



Í listasmiðju er lögð áhersla á að efniviðurinn sé fjölbreyttur og verkefnin séu spennandi, áhugaverð, ögrandi og umfram allt skemmtileg. Í listasmiðju



teiknuðum við, lituðum og máluðum. Við prófuðum allskyns aðferðir við að mála, notuðum litla og stóra pensla, rúllur, stimpla, tappa og fleira sem okkur datt í hug. Við prófuðum að vinna með vatnsliti, þurrkrít, tússliti, blek og pastelliti. Við unnum á pappír, pappa, vatnslitapappír, rúllugardínur, efni og striga. Við unnum með leir og jarðleir. Við æfðum okkur að sauma, þræða, klippa, líma og hefta. Við unnum standandi, sitjandi og liggjandi, unnum úti og inni.

Í listasmiðju unnu allar deildir að verkefnum sem tengjast **umhverfismennt**. Við ræddum um rusl og mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna okkar. Við æfðum okkur að flokka, töluðum um plast og gerðum tilraunir og verkefni úr plasti. Við prófuðum að klippa greinar, skoða og finna mismunandi lauf og blóm og unnum ýmis verkefni með þeim efnivið.

Á þessum vetri unnum við líka tvö stór samstarfsverkefni, þar sem allar deildar tóku þátt á sama tíma. Verkefnin þennan vetur voru; **Fjölmennning** í **Lyngheimum** og **Vináttan**.



Verkefnin voru fjölbreytt og áhersla lögð á að nota fjölbreyttan efnivið og aðferðir. Tókust þessi verkefni mjög vel og voru virkilega skemmtileg.

Í listasmiðju unnu svo allar deildar verkefni í tengslum við jól, páska, öskudag, bangsadag, bóndadag og konudag.

Guddumói: Að auki verkefnanna hér að ofan unnum við að ýmsum öðrum skemmtilegum og fjölbreyttum verkefnum. Áhersla var lögð á „Ég sjálf/ur og líkami minn“ sem við unnum með fjölbreyttum efnivið bæði í tvívídd og þrívídd. Við unnum einnig verkefni sem tengdust tilfinningum okkar. Inn í öll verkefnin fléttast svo litir og litablöndun. Samstarf við deildina gekk mjög vel en ég hefði viljað sjá fleiri samstarfsverkefni milli listasmiðju og Guddumóa en þar sem samkomutakmarkanir trufluðu okkur aftur þennan vetur var minna um það.



Fjósaklettar: Að auki verkefnanna hér að neðan unnum við að skuggaleikhúsi í samstarfi við Fjósakletta. Börnin bjuggu til brúður á stöng sem þau notuðu svo í skuggaleikhúsið. Einnig unnum við verkefni sem tengist Músasögu Helgu. Við prófuðum að sauma í pappa, bjuggum til grímur og hönnuðum hunda úr klósettrúllum og glasalokum sem við áttum til. Þar reyndi á fínhyfingar og hugmyndaflug. Samstarf við deildina gekk vel en hefði mátt vera fleiri verkefni sem við unnum í sameiningu.



Klappavör: Á Klappavör var áhersla lögð á flóknari og lengri verkefni sem tengjast læsisverkefnum og vettvangsferðum hjá Sólveigu. Fyrir áramót unnum við verkefni í tengslum við heimsókn á Sjóminjasafnið. Í listasmiðju unnum við með fiska og tengdum bæði myndlist og textíl saman. Eftir áramót unnum við með húsagerð og arkitektúr en þar unnum við með form og byggingar. Fleiri voru verkefni ekki að þessu sinni þar sem samgöngutakmarkanir trufluðu vettvangsferðir.

Eftir áramót hóf Klappavör samstarfi við myndlistarskóla Reykjavíkur. Skiptin voru alls sex sem komu í staðin fyrir verkefni í listasmiðju. Samstarfið gekk mjög vel og börn og kennarar ánægð með stundirnar en ákveðið var að sækja ekki um næsta vetur.



Útskriftarverkefnið tók svo góðan tíma enda mikið í það lagt. Samstarfið og skipulag við deildina gekk mjög vel varðandi þetta verkefni og tókst mjög vel í alla staði. Í listasmiðju bjuggum við til leikbrúðurnar, mótuðum úr leir og gifsgrísum og skreyttum og hönnuðum fót á brúðurnar. Við teiknuðum og

máluðum stóra sjálfsmynd og hönnuðum boðskort í útskriftina.

Að öðru leiti var unnið með sögugerð, brúðugerð, leikræna tjáningu og framsögn.

Við teiknuðum og máluðum uppstillingar og dýr og svo öðru hvoru var gefið svigrúm fyrir frjálsan tíma þar sem börnin réðu verkefnum dagsins.



Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu fékk Guddumói ekki eins mikinn aðgang að listasmiðju eins og til var ætlast en Fjósaklettur og Klappavör héldu nánast sínum tímum. Samstarf við deildirnar gengu vel þó að ekki hafi alltaf verið hægt að vinna að þeim verkefnum sem var áætlað þar sem samkomutakmarkanir gerðu það að verkum að margar vettvangsferðir og heimsóknir á söfn féllu niður og mikil veikindi starfsfólks og barna. Þrátt fyrir það unnum við mikið og fjölbreytt starf í listasmiðju þar sem sköpunargleðin og fjölbreytileikinn fékk að njóta sín.

Anna Guðmundsdóttir verkefnastjóri Sköpunar.



Læsi og umhverfislæsi:

Vinna með elsta árgangi veturinn 2021-2022.

Í vetur heimsóttum við söfn og sýningar víðsvegar um borgina okkar. Einnig tókum við nærumhverfi okkar og fórum í gönguferðir og skoðuðum hvað býður nærumhverfið okkar uppá. Við heimsóttum hverfisbókasafnið okkar nokkru sinnum og fengum sögustundir þar ásamt því að kynnst safninu og allir fengu að velja sér bók í hverri heimsókn til að taka með í leikskólann og lesa. Við fórum í strætó í flestar okkar ferðir.




Haustið fór vel af stað og við fórum á Ljósmyndasafnið, Sjóminjasafnið og Hvalasafnið meðal annars. Allar okkar heimsóknir á söfn eru með fræðslu frá safnkennurum. Þau fá fræðslu og læra um hin ýmsu hluti eftir því á hvaða safni við erum.



Eftir hverja ferð unnum við úr ferðinni og tengjum saman við það sem við höfum lært úr fyrri ferðum. Við ræddum saman um það sem þeim fannst áhugaverðast, skemmtilegast og merkilegast við ferðina. Við skoðum heitið á ýmsum hlutum sem við fræddumst um og lærum ný orð.

Við tökum myndir af því sem við erum að skoða og það sem krökkunum finnst áhugaverðast í hverri ferð, þau sjá ekki alltaf hlutina eins og við sjáum þá og finnst yfirleitt ekki sömu hlutir og við merkilegir.


Myndir sem við tókum í ferðinni tek ég og prentum þær út. Við skoðum síðan myndirnar saman eftir ferðina, rifjum upp hvað við sáum og lærðum í ferðinni og förum yfir hvert heiti hlutanna sem við sáum er. Hér eflum við orðaforða þeirra með nýjum orðum sem fer beint í orðabanka þeirra. Við notuðum einnig bækur og veraldavefinn til að fræðast meir.



Mismunandi er hversu langt hvert og eitt þemaferli er. En það fer algerlega eftir áhuga barnanna að hverju sinni og eftir hverju verkefni fyrir sig.

Allar þær ferðir og þau verkefni sem við vinnum tengjum við inn alla fimm grunnþætti menntastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig æfa þau sig í að skrifa nafnið sitt og merkja sjálf allar sínar myndir.





Sólveig Hólm verkefnastjóri Læsis og umhverfislæsis með elsta árangri.



Innra mat sérkennslu.

Mat á sérkennslu 2021-2022.

Skipulagning sérkennslu 2021-2022

Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.

Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?



Sérkennslan er skipulögð með þarfir hvers og eins barns. Hvert barn er með sína einstaklingsnámskrá sem unnin er upp úr AEPS listanum og er hún yfirfarinn reglulega og gerðar endurbætur og ný markmið sett. Sérkennsla er bæði einstakling stundir með sérkennara og inni á deild með hinum börnunum.

Eitt af markmiðum 2021 var að bæta skráningu og hefur það verið gert. Hvert barn hefur sína möppu sem þjálfun barnsins og framfarið er skráð. Einnig er miðlæg skráning þar sem Sérkennslustjóri getur einnig sett inn skráningu og upplýsingar sem þarf.

Í leikskólanum er unnið með TRAS, Haldið er utan um skráningu í þeim tímum á sérstak TRAS skráningar blað og þannig haldið utan um getu þeirra, framfarir og hvað þar að vinna meira með.

Tekið er HLJÓM 2 próf á elsta árgangi leikskólans á haustönn, og ef barn kemur illa út er brugðið við því og prófið endurtekið á vorönn.

Hvaða matsgögn voru notuð? í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Hér er vísað	Við á Lyngheimum notum matsgögnin TRASH, AEPS, HLJÓM2 og orðalistann. Einnig notum við Íslenska þroskalistann og smábarnalistann þegar það á við. Notast er við AEPS listann þegar gerðar eru einstaklings námskrár, og eru þær yfirfarnar mjög reglulega eða eins oft og þarf.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn		Við vinnum með skipulagða kennslu og notumst bæði við keypt námsgögn og eins heimatilbúin TEACCH verkefni sem eru unnin út frá hverju og einu barni miðað við það hvað verið er að þjálfra hverju sinni. Erum við búin að koma okkur upp góðum gagnabanka með stuttum hnitmiðuðum verkefnum. Markmið okkar frá 2021 var að mennta fleiri starfsmenn til að vinna með TEACCH og höfum við sent tvo sérkennara á námskeið á síðasta ári.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023.

Umbætur/ Matsþættir.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sérkennsluteymi	Að á leikskólanum sé skilgreint sérstakt sérkennsluteymi sem vinnur þétt saman að sömu markmiðum.	Að haldnir séu skipulagðir fundir með teyminu ca. tvisvar á önn	Leiksólastjóri og sérkennslustjóri	Haut önn 2022	Vor önn 2022	Taka stöðuna eftir hverja önn, fara yfir hvort fundir hafa verið haldnir. Er það að skila sér að hittast og ræða	
Halda áfram að innleiða skipulagða kennslu	Auka starfsfólki sem getur unnið með TEACCH	Gera fleiri starfsmönnum um kleift að fara á námskeið í skipulagðri kennslu. TEACCH	Leikskólastjóri				
Auka tækniþekkingu í vinnu með sérkennslu.	Að auka þekkingu starfsfólks á hvernig hægt er að nýta hugbúnað eins ípad í markvissa kennslu með börnum.	Er vinna hafin við að að afla þekkingar á hvaða tækifæri búa í vinnu með t.d ípad. Fá aukna þekkingu t.d hjá Mixtúru.	Leikskólastjóri				
Sérkennarar og deildastjórar nýti sér Hæfnisrammann frá Miðju máls og læsis.	Skrá stöðu barna út frá hæfnisrammanum til að vinnan með börnin verði markvissari og út frá stöðu þeirra í íslensku.	Að kennarar fái hvatningu og kennslu til að nota þau verkfæri sem eru í til við kennslu barna.	Leikskólastjóri / sérkennslustjóri	Haut 2022	Aldrei	Að sérkennarar og kennarar séu byrjaðir að nota Hæfnisrammann, og hann nýtist við kennslu barna í íslensku.	Að börnin hafi tekið framförum í íslensku út frá vinnu með Hæfnisrammann.

Innra mat fjöltyngd börn.

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Menntaður kennari sem er með sérkennslu með 1 barni í 5 tíma á dag sér um málörvun fjöltyngdra barna. Fyrirlestur frá Miðju máls og læsis fyrir foreldra og starfsmenn. Keyptar hafa verið bækur og leikefni. Keyptur var efniviður til að útbúa verkfæri til að auðvelda samskipti við börnin. Túlkaþjónusta er óspart notuð. Í vetur fengum við inná leikskólann kynningu á Hæfnisrammanum. Höfum við hugsað okkur að nota hann við að meta færni þeirra í íslensku.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er markvisst með grunnorðaforða inn á deildum. Myndrænt skipulag er á deildum. Myndir af daglegum athöfnum og hlutum sem notaðir eru í daglegu lífi. Unnið er með börnin í blönduðum hópum lesið, spilað, myndir skoðaðar og talað saman. Innan skipulagi deildana er gert ráð fyrir að á markvissan hátt að gefa öllum tíma yfir daginn.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru 3 yfir daginn þar er lesið, sungið og talað saman. Börnunum er líka skipt í blandaða hópa þar sem lesið er, skoðaðar myndir og spilað. Eru verkefni miðuð við þau börn sem eru í hópnum. Þau börn sem erfiðara eiga með að tileinka sér íslenskuna fá tíma ein með kennara þar sem unnið er með orðaforða og skilning barnanna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við gerð einstaklingsnámskrár er hugað að öllum þessum þáttum varðandi barnið. Oft reynast þó samskipti við foreldrana flóknari en vinnan með börnin.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notum viðmið um stöðu orðaforða og skilnings barnanna inná fölmenningarvef Reykjavíkurborgar. Orðaskil, sérkennslustjóri metur stöðuna barnanna ásamt deildarstjóra varðandi framfarir barnanna. Byrjuð er vinna við gerð einstaklingsnámskrár fyrir hvert barn svo hægt sé að halda betur utan um stöðu og framfarir barnanna. Í haust ætlum við að líka að nota hæfnisrammann við mat á færni barna í íslensku.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

Umbótaþáttur/ Matsþáttur.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Áætlunargerð/ skráningu	Gera áætlun varðandi mótöku fjöltyngra barna þegar þau byrja í leikskólanum. Efla skráningu og utanumhald.	Gera mótökuáætlun, Efla skráningu.	Stjórnendur	Haus t 2022	Des 2022	Að byrjað sé að vinna eftir mótökuáætlun, og skráning hafin.	Að vinnan skili sér í ánægðum foreldrum og börnum.
Efla fræðslu fyrir starfsmenn.	Að sjá til þess að starfsmenn fái fræðslu varðandi fjölmenningu	Fá fræðslu frá miðju máls og læsis varðandi fjölmenningu.	Stjórnendur	Haus t 2022	Maí 2022	Að fræðslan skili sér í vinnu með fjöltyngd börn.	Að starfsmenn nýti fræðsluna í starfi með börnum og foreldrum.
Hæfnisrammi.	Að hæfnisramminn verði notaður til að kortleggja færni í íslensku.	Byrja að nota hæfnisramminn. Að hann verði festur í sessi sem vinnutæki.	Stjórnendur, deildarstjórarn.	Haus t 2022	Aldrei	Að hæfnisramminn sé notaður í starfi með fjöltyngd börnum.	Að börnin eflist í íslensku og nái góðum árangri, vinnan byrjar þar sem þau eru stödd útfrá hæfnisrammanum.

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.

Símenntunaráætlun fyrir síðasta skólaár fór talsvert úr skordum en við nýttum okkur tæknina og vorum með rafræna fyrirlestra. Í október gátum við farið út úr húsi, fórum við á kynningu hjá Mixtúru. Við höfum verið dugleg að fá lánað hjá þeim kennsluefni.

Á skipulagsdegi í janúar 2022 fengum við rafræna kynningu frá Sögu um Hæfnisrammann. Í febrúar vorum við með nokkra rafræna fyrirlestra allir þessir fyrirlestrar tengdust óskum starfsmanna, við frestuðum einum fyrirlestri þar til í haust um kynsegin börn, verður hann á skipulagsdegi í október 2022. Þetta eru fyrirlestrar sem við hlustuðum á: **Áhrif áfalla á þroska barna og áskoranir við mat og meðferð.** Berglind Guðmundsdóttir. **Áföll og erfið upplifun í æsku, afleiðingar og úrræði.** Sigrún Sigurðardóttir. **Kvíði leikskólabarna.** Elías Guðmundsdóttir. **Okkar mál.** Fjölmenningsamfélag.

Á skipulagsdegi núna í apríl fór starfsmannahópurinn að fara í náms og kynnisferð til Brighton. Við förum á **Storytelling-frásagnagledi** og heimsækjum **Reflections Nursery school**. A professional development day focusing on Reggio and forest school approaches.

Skipulagsdagurinn í maí var helgaður útikennslu. Síðasta sumar var garðurinn tekin í gegn, fengum við gott útikennslusvæði sem okkur langar að vinna með í sumar. Munum við vera í samstarfi við Gufunesbæ varðandi námskeið og skipulagningu svæðisins.

Skipulagsdagar skólaárið 2022 – 2023 verða skipulagðir eins og hægt er út frá óskum starfsmanna eftir starfsþróunarsamtöl nú í byrjun maí.

Starfsmenn óskuðu eftir fyrirlestrum varðandi: Vinnustaðamenningu, Þroskaskeið barna, gerð einstaklingsnámskrár, einingakubbanámskeið, útikennslunámskeið og námskeið til að verða regnbogaskóli.



Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Samstarf Lyngheima og Rimaskóla.

Elsti árgangur heimsækir Rimaskóla:		Fundir.	Heimsóknir nemenda 1 og 7 bekkjar.
Bókasafnið: Sögustund á bókasafni Rimaskóla.	Föstudagsfjör. Elsta árgang boðið á skemmtun í sal.	Samráðsfundir varðandi sameiginlega skipulagsdaga	Í nóvember heimsækir 1. bekkur Rimaskóla Lyngheima og rifjar upp gamlar minningar.

Íþróttir. Mætt er tvisvar á vetri í íþróttatíma	Heimsókn í 1. bekk. Stafa innlögn og nesti borðað með 1. bekk Rimaskóla.	Að vori hittast kennarar Lyngheima og kennarar Rimaskóla og fara yfir barnahópinn og niðurstöður hljóð.	Á degi íslenskrar tungu kemur 7 bekkur í heimsókn á Lyngheima og les/syngur fyrir börnin.
Dans: Elsti árgangur mætir í danstíma.	Skoðunarferð um skólann: Skólastjóri Rimaskóla sýnir okkur skólann.	Að hausti funda skólastjónendur leik og grunnskóla varðandi samstarf og skólaheimsóknir.	Að vori koma eldri nemendur Rimaskóla og kenna börnum Lyngheima útileiki

Áætlun vegna samstarfs leik og grunnskóla.

Áætlun vegna samstarfs leikskólans er unnin í samstarfi við Rimaskóla og gefin út að hausti. Foreldrar elstu barnanna í leikskólanum fá senda dagskrá heimsóknna í Rimaskóla með dagsetningum í tölvupósti í byrjun haustannar. Samstarfið er í föstum skorðum, börnin mæta í kennslustund, danstíma, bókasafnið og heimsækja frístundaheimilið Týgrisbæ.

Erfitt var að halda áætlun varðandi heimsóknir í Rimaskóla á haustönn en við höfum komist í allar skipulagðar heimsóknir eftir áramót. Mjög gott samstarf hefur verið við Rimaskóla varðandi breytingar á dagskrá heimsóknna.



Markmið samstarfsleiks og grunnskóla.

Að efla samskipti og samvinnu þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastigs og grunnskólastigs.

Að draga úr kvíða leikskólanemenda sem oft fylgir því að hefja skólagöngu.

Foreldrasamvinna.

Í foreldrafélagi Lyngheima sitja tveir fulltrúar frá hverri deild leikskólans. Á haustfundi fyrir foreldra leikskólans eru kosnir nýir fulltrúar í foreldrafélagið i stað þeirra sem ekki gefa kost á sér áfram til starfa fyrir foreldrafélagið eða eru að hætta með barnið sitt á leikskólanum. Fyrsti fundur er boðaður í byrjun október á þeim fundi er skipað í stöðu formanns, ritara og gjaldkera. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum, en fastir fundir eru þrír, haustfundur, jólafundur og vorfundur.

Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum yfir árið, vorferð, sumarhátíð og piparkökudegi fyrir jólin. Foreldrafélagið hefur líka gefið okkur leiksýningar og afmælisgjafir.

Foreldrafélagið sem átti að taka til starfa haustið 2021 hélt fyrsta fundin í mars 2022, var ákveðið að halda sumarhátíð og uppskeruhátíð í sumarbyrjun með sýningu af verkum barnanna.





Skipulagsdagar og leikskóladagatal.

Miðvikudagurinn 7. september 2022.

Föstudagurinn 7. október 2022.

Föstudagurinn 25. nóvember 2022.

Föstudagurinn 6. janúar ½ dagur 2023.

Föstudaginn 17. mars ½ dagur 2023.

Miðvikudagur 17. maí 2023.

Föstudagur 19. maí 2023.

Fylgigögn: Umsögn foreldraráðs, leikskóladagatal.

Reykjavík 1. júlí 2022

Kristín Helgadóttir leikskólastjóri

Fylgiskjal 1.

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Lyngheima 2022-2023.

Þeir einstaklingar sem sitja í foreldraráði hafa farið yfir starfsáætlun leikskólans og greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.

Síðastliðið skólaár hefur, venju samkvæmt, verið viðburðarríkt og litast af þeim áskorunum sem fylgdu takmörkunum á skólastarfi vegna Covid-19. Fljótlega eftir áramót fór þó að rofa til og lífið í leikskólanum komst í samt horf. Líkt og áður unnu kennarar leikskólans af fagmennsku og með hag og heilsu barnanna okkar í leikskólanum að leiðarljósi.

Stytting vinnuviku hafði líka áhrif og verður áfram flókið verkefni að leysa. Ánægjulegt er að kennarar skólans telji skipulagningu styttingarinnar ganga vel og er það kostgæfni stjórnenda að þakka að skerðingin við börnin er lágmörkuð. Betur má ef duga skal og líkt og í fyrra hvetjum við til þess að auknu fjármagni sé varið í þennan þátt.

Starf Lyngheima einkennist af fagmennsku og alúð við þroska hvers barns fyrir sig og öllum börnum er mætt eins og þau eru. Dásamlegt er að fylgjast með öllum þeim skemmtilegu verkefnum sem eru í gangi hverju sinni í leikskólanum. Hugmyndaríki kennarana er mikið og allir tilbúnir til þess að vinna að og þróa nýjar hugmyndir með kennslu barnanna í forgrunni. Sköpunargleðin er allsráðandi og engin hugmynd er ómöguleg framkvæmdar.

Fjölmenningarverkefnið er dæmi um slíkt verkefni en þar fengu börnin að miklu leyti að ráða ferðinni. Útkoman var stórkostleg og vakti athygli. Útikennsluverkefni er einnig gífurlega spennandi sem gaman verður að fylgjast með.

Áfram tökum við fagnandi á móti samstarfsverkefnum á milli heimila og skóla og hlökkum til að taka þátt í skólastarfi næsta skólaárs.

Leiðarljós Lyngheima, virðing, umhyggja og tillitssemi, eru vel sýnileg í starfi á öllum deildum. Í starfi leikskólans er fagmennskan í fyrirrúmi og kunnum við foreldrarnir leikskólanum miklar þakkir.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: **Lyngheimar**

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Fridagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ	Foreldravöðtöl	1 F	Fúlveldisdagurinn	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M		1 L		1 M	Verkalýðsdagurinn	1 F		1 L	
2 Þ		2 F		2 S		2 M	Foreldravöðtöl	2 F	Jóladagskrá byrjar	2 M		2 F		2 F		2 S	Pálmásunnudagur	2 Þ		2 F		2 S	
3 M		3 L		3 M		3 F	Foreldravöðtöl	3 L		3 Þ		3 F		3 F		3 M		3 M		3 L		3 M	
4 F		4 S		4 Þ		4 F	Foreldravöðtöl	4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S	Sjómannadagurinn	4 Þ	
5 F		5 M		5 M		5 L		5 M		5 F		5 S		5 S		5 M		5 F		5 M		5 M	
6 L		6 Þ		6 F		6 S		6 Þ		6 F	1/2 skipulagsdagur	6 M	Dagur leikskólans/ skipulags	6 M		6 F	Skírdagur	6 L		6 Þ		6 F	
7 S		7 M	1/2 skipulagsdagur	7 F	Skipulagsdagur	7 M		7 M		7 L		7 Þ	Dagur tónlistarskólans	7 Þ		7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M	Skólasit grunnskóla	7 F	
8 M		8 F	Dagur læsis	8 L		8 Þ	Baráttudagur gegn einelti	8 F		8 S		8 M		8 M		8 L		8 M		8 F		8 L	
9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F		9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ		9 F		9 S	
10 M		10 L		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 F		10 M	Annar í páskum	10 M		10 L		10 M	
11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 L	Dagur íslenska táknaðsins	11 L		11 Þ		11 F	Útskrift	11 S		11 Þ	
12 F		12 M		12 M		12 L		12 M		12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M		12 M	
13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 M		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	Sumarleyfi
14 S		14 M		14 F		14 M		14 M		14 L		14 Þ		14 Þ	Dagur stærðfræðinnar	14 F		14 S		14 M		14 F	
15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	Jólaball	15 S		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		15 L	
16 Þ	Fundur með nýjum foreldrum	16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 S		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 M		16 F		16 F		16 S		16 Þ		16 F		16 S	
17 M		17 L		17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 F		17 M		17 M	Skipulagsdagur	17 L	Lyðveldisdagurinn	17 M	
18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Uppstigningardagur	18 S		18 Þ	
19 F		19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M		19 F	Skipulagsdagur	19 M		19 M	
20 L		20 Þ		20 F		20 S	Dagur mannréttinda barna	20 Þ		20 F	Bóndadagur	20 M	Bolludagur	20 M		20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ		20 F	
21 S		21 M		21 F	Vetraleyfi grunnskóla	21 M		21 M		21 L		21 Þ	Sprengidagur	21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F	
22 M	Aðlögun hefst	22 F	Stór foreldrafundur	22 L	Fyrsti vetrardagur	22 Þ		22 F		22 S		22 M	Óskudagur	22 M		22 L		22 M		22 F		22 L	
23 Þ		23 F		23 S		23 M		23 F	Þorláksmessa	23 M		23 F	Vetraleyfi grunnskóla	23 F		23 S		23 Þ		23 F		23 S	
24 M		24 L		24 M	Vetraleyfi grunnskóla	24 F		24 L	Aðfangadagur jóla	24 Þ		24 F	Vetraleyfi grunnskóla	24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	
25 F		25 S		25 Þ	Vetraleyfi grunnskóla	25 F	Skipulagsdagur	25 S	Jóladagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ	Umhverfisdagur	25 F		25 S		25 Þ	
26 F		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 L		26 M	Annar í jólum	26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M		26 M	
27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 M		27 M	Foreldravöðtöl	27 F		27 L		27 Þ		27 F	
28 S		28 M		28 F	Foreldrakaffi	28 M		28 M		28 L		28 Þ		28 Þ	Foreldravöðtöl	28 F		28 S	Hvítasunnudagur	28 M		28 F	
29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 F		29 S				29 M	Foreldravöðtöl	29 L		29 M	Annar í Hvítasunnu	29 F		29 L	
30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F		30 M				30 F	Foreldravöðtöl	30 S		30 Þ	Sumardagskrá byrjar	30 F		30 S	
31 M				31 M				31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F				31 M				31 M	